



Kjör íþróttamanneskju UDN

Reglugerð

1. gr.

Í janúar ár hvert skal kjósa þá íþróttamanneskju UDN sem hefur náð árangri sem verðskuldar slíka viðurkenningu.

Heimilt er að tilnefna hverja þá íþróttamanneskju sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a) Er félagi í einhverju aðildarfélagi UDN og hafi verið löglegur keppandi aðildarfélags eða UDN þegar árangur náðist.

b) Hefur sýnt þróðmennsku og háttvísi á hvern hátt í íþrótt sinni.

c) Hefur náð góðum árangri í íþrótt sinni á árinu.

d) Hefur náð 16 ára aldri á árinu sem viðurkenning er veitt fyrir.

2. gr.

Hverju aðildarfélagi sem og stjórn UDN er heimilt að tilnefna 1- 3 einstaklinga til kjörs. Raðað eftir stafrófsröð og með fylgi greinargerð um árangur viðkomandi á árinu. Tilnefningar skal senda á tölvupósti á skrifstofu UDN/formanns UDN fyrir 15. janúar.

3. gr.

Atkvæðisrétt hafa stjórnarmenn UDN sem fara með eitt atkvæði hver og stjórn hvers aðildarfélags fer með eitt atkvæði. Varamenn taka sæti stjórnarmanna UDN í forföllum þeirra svo sem við önnur stjórnarstörf. Eins ef er t.d. um hagsmunaárekstra að ræða eða annað. Að auki hefur stjórn UDN heimild til að leita til allt að 10 aðila til að taka þátt í kosningunni sé talin þörf á því t.d. ef jafnt er í kosningu eða naumt á munum.

4. gr.

Þeir sem kosningarétt hafa, samkvæmt 3. gr., skulu kjósa í leynilegri kosningu allt að 5 aðila. Sá sem settur er nr. 1 hlýtur 5 stig, nr. 2 hlýtur 4 stig, nr. 3 hlýtur 3 stig, nr. 4 hlýtur 2 stig og nr. 5 hlýtur 1 stig.

5. gr.

Sá aðili sem flest stig fær samanlagt úr kosningunni hlýtur sæmdarheitið; Íþróttamanneskja UDN, þess árs. Árangur verður tíundaður.

6. gr.

Íþróttamanneskja UDN fær afhentan til varðveislu í eitt ár farandbikar þann er UDN hefur gefið í þessu tilefni. Letrað skal á bikarinn nafn þeirra sem hann fá og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar, en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og eftir það vera geymdur í bikarasafni UDN. Íþróttamanneskja UDN fær afhentan til eignar grip til minningar um kjör sitt eftir ákvörðun stjórnar UDN hverju sinni.

7. gr.

Þegar kjöri íþróttamanneskju UDN er lýst skal skýra frá nöfnum og stigafjölda 5 stigahæstu einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni en án stigafjölda.